

LÖG

um

einkasíma í sveitum.

11
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Samþykktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþykktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþykktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með $\frac{2}{3}$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykkt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma

11 í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða ganga of nærri
14. júní efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykkt-
ina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykkt er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á ann-
an hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveðið:

- a. um legu einkasímans og gerð,
- b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
- c. um starfrækslu símastöðva,
- d. um símafélag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti, sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sé jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir eignum og ástæðum, lausafjáreign eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir að-
stöðu til einkasímans og að þeir greiði sérstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverzlun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafélagi að taka lán til greiðslu lagningarkostn-
aðar einkasíma, er allir félagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og af-
borgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fullt samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einka-
símалínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fé.

9. gr.

Í einstaka tilfalli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykkt, á rétt á að leggja síma inn hjá sér frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, ef það þykir fært að dómi landssímastjóra, enda sé að öllu vand-
lega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

11

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykkt fylgir lög-14. júní taksréttur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 10 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni í stöðvartímanum, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykkt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fé er fyrir hendi, $\frac{3}{5}$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipshlið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

- a. að ekki sé notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssíma-
stjóri tekur gild.
- b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
- c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einka-
símans eftir því, sem landssíma-
stjóri mælir fyrir um,
- d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sé að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.